


SNID A - A



AFSTÖÐUMYND M.K. 1/1000

Byggingarlýsing

Löð:
 Heiti: Refsholt 27, Skorradal
 Landnúmer: 204456, Greinitala: 3506-01-24010270
 Löðarstærð: 3.624 m² Nýtingarhlutfall: 0,027

Húsgerð:
 Frístundahús úr timbri á einni hæð, með steyptum undirstöðum og botnplötu.

Stærðir:	
Aðalhús	82,0m ² (292,5m ³)
Aukahús	15,0m ² (46,3m ³)

Undirstöður og gólf:
 Undirstöður eru steyptir sökklar á fyllingu. Gólf er steypt plata. Einangrun 150mm plasteinangrun. Gólfklæðning er parket og flísar. U-gildi gólfs er 0,20 w/m²C. Undir palli eru steyptar súlur.

Útveggir:
 Grindur útveggja 45x145mm (45x120mm) timburstöðir. Einangrun er 145mm (120mm) steinull. Innri klæðning útveggja eru 13mm gipsklæðning. Ytri klæðning er standandi bandsöguð timburklæðning. U-gildi útveggja er 0,24 w/m²C. Gluggar eru úr timbri. Tvöfalt gler er í gluggum. U-gildi glugga er 1,3 w/m²C.

Þak:
 Þakhalli er 1:2 (26,6°) Þaksperrur eru 45x220mm c/c 600mm. Burðarveggir eru útveggir og milliveggir og biti við mæni. Loftun inná þak er á milli allra sperra í rörum. Einangrun þaks er 220mm þakull milli sperra með vindvörn og innan hennar er 0,2mm plastdúkur, 45mm einangruð raflagnagrind og 16mm panelklæðning. Að ofan er borðklæðning með þakpappa. Ysta klæðning þaks er bárað aluzink. U-gildi þaks er 0,18 w/m²C

Lagnir og upphitun:
 Frárrennslislagnir skolps (salerni, eldhúsvaskur) tengjast rotþró. Aðrar frárrennslislagnir (þakvatn og gróvatn) tengjast siturloð. Gólfniðurföll [GNF] eru í votrymum. Upphitun verður með hitaveitu. Hitakerfi er gólfhitalagnir. Heildarvarmatap aðalhúss er 6.495 wött, þar af er varmatap vegna loftskipta 2.925 wött. Heildarleiðnitap aðalhúss er 3.570 wött eða 0,44 W/m²C. Heildarvarmatap aukahúss er 1.333 wött, þar af er varmatap vegna loftskipta 463 wött. Heildarleiðnitap aukahúss er 870 wött eða 0,58 W/m²C. Miðað er við +20°C innihita -15°C útihita og 0,8 loftskipti á klst.

Brunavarnir og öryggi:
 Björgunararp [BO] eru á svefnherbergjum. Koma skal fyrir reykskjnjara [R] og handsökkvitæki [S] (ABC duft 6 kg) í húsinu. Sjúkrakassi skal vera í húsinu. Útiljós er við inngang.